


þetta sýningahald. Það þarf ekki langt mál til að rökstyðja þörfina fyrir heildarsýningu á því sem best gerist í myndlist, með vissu millibili. Nægir að benda á það að almennur áhugi á lifandi list felst í því að fólki sé veitt tækifæri til að fylgjast með. Með heillegri samsýningu gæfist mönnum kostur á að sjá og meta þá breidd sem er í myndlistinni í dag. Því verður að finna upp nýtt form og nýja aðferð til sýninga, svo flestir listamenn finni hjá sér þörf fyrir að sýna afrakstur vinnu sinnar.

Til að hægt sé að undirbúa svona sýningu (-ar), þarf að sætta hinar andstæðu fylkingar innan myndlistarinnar. Skítkast og smásálarhátt sem staðið hefur öllu sameiginlegu átaki fyrir þrifum, þarf að kveða niður. Mismunandi stefnum í myndlist þarf ekki að framfylgja með offorsi. Hverjum dytti í hug að taka alvarlega yfirlitssýningu um myndlist tuttugustu aldar, þar sem gert væri upp á milli helstu strauma vegna persónulegra skoðana aðstandenda hennar? Í dag hlæja menn að menningar- og listadómstólum sjálfskipaðs hæstaréttardómara André Bretons yfir „svikurum við súrrealismann" á þriðja og fjórða áratugnum. Samt halda menn áfram að kveða upp persónulega dóma yfir stefnum sem þeir aðhyllast ekki.

Hingað til hafa Haustsýningarnar verið haldnar á hverju ári og undirbúningur þeirra lagst á fárra hendur. Félagsandinn í FÍM hefur ekki verið upp á marga fiska og því hefur þessi undirbúningur verið gerður af meiri vilja en getu. Fjárskortur hefur mjög hamlað allri framkvæmd og hefur bitnað á frágangi og upplýsingum varðandi sýningarnar. Vantað hefur tilfinnanlega góðan og nothæfan katalóg (sýningarskrá). Það væri því ekki úr vegi að halda í framtíðinni biennal, sýningu annað hvert ár og væri þá mun rýmri tími til stefnu. Hægt væri þá að bjóða erlendum fulltrúum að taka þátt í sýningunni og fengist þá bæði samanburður og ágætis gluggi að því sem gerist í öðrum löndum.

En svona sýningarhald nær skammt með þeim anda sem nú ríkir innan FÍM. Segja má að félagið sé komið að fótum fram og sést það best á undanförnum Haustsýningum þess. Ef ekki verður hreinsað til í því andrúmslofti sem þar ríkir, er eins gott að menn fari að semja útfararræðu til minningar þessa félags. Meðan félög annarra listgreina sækja stöðugt í sig veðrið verða tilþrif Félags íslenskra myndlistarmanna minni og máttlausari. Úrslitin varðandi áframhaldandi samsýningar verða því ekki ljós fyrr en nýju blóði hefur verið dælt í samtök myndlistarmanna og þau gerð að öflugu og framsæknu félagi sem flestra listamanna.



Thomas Hellberg og Christopher Plummer kljást í mynd Háskólabíós, Sendiförinni.

Maðurinn í miðjunni

Háskólabíó: Sendiförin (Uppdraget/The Assignment) Sænsk. Árgerð 1977. Handrit: Mats Arehn, Ingemar Ejve, Lars Magnus Jansson. Leikstjóri: Mats Arehn. Aðalhlutverk: Thomas Hellberg, Christopher Plummer, Fernando Rey, Carolyn Seymour.

„Gættu þín umfram allt á því að taka ekki afstöðu með öðrum aðilanum fremur en hinum" er hollráðið sem sænski embættismaðurinn Dalgren (Thomas Hallberg) fær þegar hann er gerður út af örkinni til að reyna að koma á sáttum milli stríðandi fylkinga vinstri og hægri manna í ónefndu SuðurAmeríkuríki, þar sem sænska ríkisstjórnin hefur efnahagslegra hagsmuna að gæta og ógnað er af yfirvofandi borgarastyrjöld. Sendiför Dalgrens er viðfangsefni þessa pólitíska þrillers sem byggður er á skáldsögu Per Wahlöö, en hann er kunnastur fyrir lögreglusögurnar um Martin Beck í félagi við Maj Sjöwall.

Svíar hafa greinilega lagt talsvert í þessa kvikmyndagerð, m.a. kvatt til ýmsar alþjóðlegar stjörnur eins og Christopher Plummer, Fernando Rey, og fleiri, og myndin er gerð á ensku að langmestu leyti. Hvort sem það hefur nú borgað sig með tilliti til útflutnings á erlendan bíómarkað eða ekki þá er útkoman á ýmsan hátt ágæt frá listrænu sjónarmiði þótt ekki sé hún fullnægjandi.

Hið hugmyndafræðilega efni, þ.e. sú togstreita sem verður í huga Dalgrens þegar hann er kominn í hringiðu ofbeldisins og ekki endilega sú að ádeilan eigi ekki rétt á sér, heldur fremur að honum verður ljóst að hin fræga sænska „hlutleysisstefna" hrekkur ekki til úrlausnar vandans, — þetta efni verður hálfendasleppt. Myndin dettur niður þegar Dalgren stendur frammi fyrir ósigri þeirrar stefnu sem hann er fulltrúi fyrir og höfundar myndarinnar vilja augljóslega deila á. Ástæðan fyrir þessu spennufalli í myndinni er ekki hefur til fullnustu tekist að sameina hana þeirri uppbyggingu á spennu og mannlegu drama sem ber uppi myndina lengi framan af.



Kvikmyndir

eftir Arna Þórarinsson

Og þar er að sönnu margt einkar vel gert. Thomas Hellberg bregður upp vandaðri og sannri mynd af manni í hugmyndafræðilegri og persónulegri sjálfheldu og m.a. með ágætri kvikmyndatöku Lennart Carlssons er lögð áhersla á að sýna okkur andstæðurnar frá sjónarhóli Dalgrens. Við svitnum með honum þegar virkilega fer að hitna undir honum og í kringum hann. Samleikur þeirra Hellbergs og Christopher Plummers í hlutverki yfirmanns lögreglunnar á staðnum sem að sínu leyti er fulltrúi annars konar „hlutleysisstefnu" er eftirminnilegur og hrein unun er oft að fylgjast með því hvernig Plummer gæðir sér á hlutverkinu.

Þetta mun vera önnur mynd Mats Arehn og með aðstoð góðrar áhafnar (tónlist Allan Pettersson á ekki minnsta þáttin í sköpun magnaðs (existentialísks andrúmslofts) hefur honum tekist að skila á flestan hátt forvitnilegu verki.

(Sýningum var hætt á miðvikudag)



Gísli



Gunnar

„TÓKST ÁGÆTLEGA"

— segir Gísli Magnússon, um tónleika þeirra Gunnars Kvaran í Carnegie Hall

„Þetta tókst ágætlega", sagði Gísli Magnússon, pianóleikari í samtali við Helgarpóstinn, en hann er nýkomin til landsins eftir að hafa leikið með Gunnari Kvaran í Carnegie Hall í New York.

Að sögn Gísla léku þeir í um 300 manna sal, en stóri salurinn í þessari frægu tónleikahöll, er einungis fyrir stærri hljómsveitir eða stórstjörnur. Um 100 manns voru á tónleikunum þeirra 24. október.„Þetta var ánægjulegt", sagði Gísli. „Salurinn hljómaði vel, flygillinn var góður og áheyrendur tóku okkur ágætlega".

Gagnrýnandi stórblaðsins New York Times, Joseph Horowitz var á tónleikunum og fannst áberandi Skandinavíkst bragð af. Hann taldi tónleikana ójafna, og notaði lýsingarorð, eins og kraftmikill, ákveðinn, dimmur. Undirleik Gísla taldi hann skynsamlegan og öruggan.

Gunnar og Gísli höfðu spilað saman á nokkrum tónleikum hér heima áður en þeir lögðu í Carnegie Hall, en Gunnar hafði komist í samband við umboðsmann sem hafði meðal annars með leigu á þessum sal að gera.

—GA

raun og veru svona dökkt. Þessi þunglyndislegi blær verksins er vel undirstrikaður með einfaldri og dálítið tómlegri leikmynd Sigurjóns Jóhannssonar, sem auk þess að búa verkinu viðeigandi umgjörð, hefur þann kost að sviðskiptingar sem eru mjög tíðar, ganga fljótt og vel fyrir sig og draga ekki sýninguna óþarflega á langinn. Leikstjórn Þórunnar Sigurðardóttur er með ágætum og hefur henni vafalaust tekist að sníða burt ýmsa vankanta leikritsins sem sviðsverks.

Aðalhlutverkið, María, er í höndum Svanhildar Jóhannesdóttur sem leikur hana um tvítugt, og Guðbjargar Guðmundsdóttur sem leikur hana fimm árum yngri og tekst þeim allvel að túlka í sameiningu þá þróun sem verður á persónuleika hennar, frá saklausu unglingsstúlkunni sem hvorki vill vín né tóbak, til ungu konunnar í göturæsinu. Önnu, vinkonu hennar leikur Sunna Borg. Hún á í nokkrum erfiðleikum með að ná tökum á hlutverkinu í byrjun, en það lagast er á sýninguna líður og í lokaatriðinu sýnir hún á meistaralegan hátt mannlega eymd í allri sinni nekt. Þráinn Karlsson leikur föður stúlkunnar með ágætum, enda hlutverkið áþekkt mörgum hlutverka sem hann hefur leikið að undanförnu. Einnig leikur hann skemmtilega lítið hlutverk löggu og þá leikur hann starfsmann. Sigurveig Jónsdóttir leikur Deildarhjúkrunarkonuna, fulltrúa hins almáttuga Kerfis, sem þó reyndist svo vanmáttugt þegar allt kemur til alls. Annan fulltrúa Kerfisins, Fangavörðinn leikur af röggsemi Bjarni Steingrímsson. Viðar Eggertsson kemur vel til skila hlutverki Péturs, hins feimna og uppburðarlitla lærdómshests og Kristjana Jónsdóttir er gustmikil kerling, kynslóðabilið sjálft holdi klætt. Um frammistöðu annarra leikara er ekkert sérstakt að segja. Hún er yfirleitt eins og efni standa til.

Þrátt fyrir marga vankanta sem hér að framan hafa verið nefndir er þó ekki annað hægt en að mæla með „Fyrsta öngstræti til hægri". Verkið tekur á vandamálum þeim sem fylgja misnotkun hvers kyns vímugjafa frá talsvert annarri hlið en við eigum dags daglega að venjast, og margar spurningar vakna að lokinni sýningu. Ekki leitast höfundur á neinn hátt við að svara þeim. Sá þáttur er látinn áhorfandanum eftir.

LAUGARÁSBÍÓ

Frumsýnir Laugardag

MUCIC MASHINE

Dickó — Keppnin



Myndin, Sem hefur fylgt í dansspor „Saturday Night Fever" og „Grease".

Stórkostleg dansmynd með spennandi diskókeppni, nýjar stjörnur og hatramma baráttu þeirra um frægð og frama.

Sýnd kl. 5-7-9 og 11.

Því miður. Tökum ekki frá miða í síma þessa viku.

ÓBORGANLEG SKEMMTUN

VIÐ BORGUM EKKI!
VIÐ BORGUM EKKI!

Sýning sem gekk fyrir fullu húsi í allan fyrravetur



Miðnætursýning í Austurbæjarbíói laugardagskvöld kl. 23.30.

Miðasala í Austurbæjarbíói frá kl. 4 í dag — Sími 11384